

Skipulagsstofnun
Valur Klemensson
Laugavegi 166
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. maí 2016
UST201605-131/B.S.
08.14.00

Efni: Mat á umhverfisáhrifum - brennslubúnaður – Blönduósbær. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 17. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Um er að ræða útbúnað sem ætlunin er að nota til eyðingar á áhættuvefjum úr sláturdýrum frá og með næstu sauðfjártíð.


Ráðgert er að brenna áhættuvefi úr flokkum Cat 1 og Cat 2 og er áætlað að árlega verði brennt minna en 250 tonn eða 5-6 tonn á dag þegar mest lætur.

Fram kemur í greinargerð að umræddur ofn brenni áhættuvefi við háan hita í samræmi við kröfur sem gerðar eru í Evrópu.

Með tilvísun í ofangreind atriði og upplýsinga um að ekki verði brennt öðrum sláturúrgangi en áhættuvefjum úr flokki Cat 1 og Cat 2 telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að rekstur umrædds brennsluofns muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir
Teymisstjóri